



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borgarnesi, 27.02.2024

**Efni: Umsögn lögreglustjórans á Vesturlandi um frumvarp til laga á breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæru o.fl.), 691. mál á 154 löggjafarþingi.**

Lögreglustjóri hefur kynnt sér framkomið frumvarp og jafnframt þær athugasemdir sem gerðar voru við frumvarpið er það var lagt fyrir Alþingi sem mál nr. 218/2023.

Lögreglustjóri er að meginstefnu til sammála þeim breytingum sem gerðar eru á lögum um meðferð sakamála sem lagðar eru til. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Birtingar í starfrænu pósthólfi

Þegar gilda um rafrænar birtingar lög nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í þjónustugátt stjórnvalda. Þar er mörkuð sú meginregla að þegar gögn séu aðgengileg í pósthólfi teljist þau birt viðtakanda. Eigi rafrænar birtingar yfirhöfuð að virka og vera framkvæmanlegar þurfa sömu reglur að gilda um allar birtingar og öll umsýsla að vera fyrirsjáanleg, einföld og skilvirk. Í frumvarpinu virðist vera lagt til að huglæg afstaða birtingarþolans eigi að ráða för. Birtingar hafa verið framkvæmdar öldum saman án þess að huglæg afstaða þess sem birt er fyrir skipti máli, sé formreglum fylgt. Verður ekki betur séð en að sú útfærsla sem frumvarpið gerir ráð fyrir leiði til þess að birtingarþoli geti í raun komið sér undan rafræni birtingu með því að opna ekki viðkomandi skjal. Lögreglustjóri telur mjög mikilvægt að gætt sé fulls samræmis við lög nr. 105/2021 þannig að réttaráhrif birtingar miðist í öllum tilfellum við það tímamark þegar skjal telst aðgengilegt í rafrænu pósthólfi. Slík framkvæmd er jafnframt í fullu samræmi við eldri framkvæmd, sbr. ofangreint. Til að gæta ýtrustu réttaröryggissjónarmiða telur lögreglustjóri þó rétt að lögfesta samtímis þá undantekningarreglu að sé birtingarþoli ekki með „virkt“ rafrænt pósthólf skuli nota „hefðbundnar“ birtingarleiðir. Lögreglustjóri telur afar mikilvægt að sömu reglur gildi um öll önnur gögn sem lög áskilja sama birtingarmáta og gildir um ákæru.

2. Birting stefnu í einkamáli

Með vísan til almennra samræmissjónarmiða telur lögreglustjóri að ráðast þurfi í samskonar breytingar og hér að ofan greinir varðandi stefnubirtingar og annað í lögum um meðferð einkamála, sbr. 83. gr. þeirra laga. Engin umfjöllun er í frumvarpinu um hvers vegna slíks samræmis sé ekki gætt.

3. Ákvæði 3. mgr. 155. gr. laga um meðferð sakamála

Nauðsynlegt er að mati lögreglustjóra í samræmi við ofangreindar athugasemdir að horfa jafnframt til breytinga á 3. mgr. 155. gr., þannig að héraðsdómur birti sjálfur rafrænt fyrirköll og eftir atvikum önnur gögn sem stafa frá héraðsdómi, en sendi einungis áfram til



Lögreglustjórinn á Vesturlandi  
Bjarnarbraut 2  
310 Borgarnesi

hefðbundinnar birtingar hjá ákæranda þau mál sem ekki reynist unnt að birta rafrænt. Þessi einfalda breyting sparar tíma, póstburðargjöld og bætir málshraða og eykur skilvirkni að mati lögreglustjóra. Þá er að mati lögreglustjóra betra samræmi í því að rafrænn birtingaraðili sé sá aðili sem gefur út viðkomandi skjal, þ.e.a.s. að tilkynning birtist frá héraðsdómi inn á [island.is](http://island.is), frekar en einstöku lögregluembætti, t.d. því embætti sem viðkomandi á lögheimili í, við útgáfu ákæru.

Virðingarfyllst,

Gunnar Örn Jónsson  
lögreglustjóri

